

glæða það ljós, er miklu meiri en gera mætti ráð fyrir, eftir mannfjölda og velmegun. Skal ekki orðlengja þarum að sinni. Hlutur Íslendinga hefir þar, að því er þekkingu á náttúrunni snertir, orðið mjög miklu minni en fraendþjóðanna, og er það síst furða. En vér einir varðveitum hið forna tungumál Norðurlanda, þannig, að það er fyrir oss ekki dautt mál. Og á þessu máli hefir verið ritað sumt það merkilegasta, sem til er í bókmenntum mannkynsins. Það mun vera óhætt að fullyrða, hvort sem litið er á skáldskap eða sagnfræði, að enginn rithöfundur á Norðurlöndum hafi jafn áhrifamikill verið og Snorri Sturluson. En ekki er vert að gleyma því, að vér þurftum Norðmanna við, til þess að koma oss í skilning um, hversu stórkostleg snilddarverk það eru, sem vér eignum Snorra að þakka. Er þar vikið að miklu vandamáli vor Íslendinga. Einu sinni voru þeir margir hér á landi sem vissu, að Snorri hafði samið ævisögu Egils Skallagrímssonar forföður síns, — og það af þeirri snilld, að varla hefir þar verið við jafnast, eða ekki — en enginn létt sé til hugar koma að segja frá því, ekki einu sinni Sturla Þórðarson, bróðursonur Snorra, sem þó hafði svo mikið af þessum frænda sínum lært, og svo merkilegur rithöfundur var sjálfur.

Það mætti rita langt mál til að sýna framá, hversu greinilega það kemur fram, þrátt fyrir alla erfiðleika, að hinni örsmáu íslensku þjóð er þó stórkostlegt hlutverk ætlað í menningarsögu mannkynsins. En ég ætla þó að sinni, að láta mér nægja að benda á það, sem líklega mætti nefna aðalerfiðleikann og stærstu hættuna á framfaraleið þjóðarinnar. En það er hinn tilfinnanlegi skortur á þeirri tegund þjóðrækni, sem svo ómissandi er til stuðnings þeim sem líklegir væru til að gera, eða jafnvel hefðu gert einhverjar þær uppgötvanir, eða hugsað einhverjar þær hugsanir, sem helst miðuðu til að gera skiljanlega þýðingu íslensku þjóðarinnar fyrir aðrar þjóðir, og jafnvel allt mannkyn.

#### *14. Sir Oliver Lodge og lífið eftir dauðann*

Það má oft sjá spíritista vitna í Sir Oliver Lodge máli sínu

til stuðnings, og er slíkt ekki að furða, svo mjög sem hann var í hávegum hafður sem vísindamaður og háskólakennari. Og nú undanfarið hafa menn oft getað séð og heyrta þessi orð — úr ævisögu hans — eftir honum höfð: „Sannfæring mína um veruleika andaheimsins byggist á beinni reynslu og veruleika, en ekki á fræðikenningu.“

Það gæti e. t. v. orðið til nokkurs gagns, ef bent væri á, hversu varhugaverð þessi orð eru. Ef Sir Oliver hefði sagt, að sannfæring hans um sambandið við framliðna byggðist á óyggjandi undirstöðu, þá kæmi mér ekki til hugar að rengja það. En ég hefi hvergi í því, sem ég hefi lesið eftir hann, orðið þess var, að hann hafi fundið nokkurn minnsta snefil af sönnun fyrir tilveru andaheims. Það er heldur á hinn veginn. Raymond, hinn framliðni sonur hins mikla eðlisfræðings og spíritista, segir t. d., að á „tilverusviðinu“, þar sem hann á heima, geti menn fengið bæði að reykja og drekka; og yfirleitt hefir Sir Oliver margt eftir þessum syni sínum, sem ekki virðist hægt að skilja öðruvísí en svo, sem hann sé að reyna til að koma föður sínum í skilning um, að hinn framliðni sonur hans sé einmitt ekki andi eða í andaheimi. Hann segir jafnvel (bókin um Raymond, s. 184), að ef menn krjúpi á kné í leðjunni (í andaheiminum!), þá sé svo að sjá sem klæði þeirra óhreinkist. En sannfæring manna um, að líf eftir dauðann væri, eða yrði að hugsast sem andalíf, var svo rík, að menn drógu mjög dár að þessum upplýsingum, í stað þess að láta sér skiljast, að í þeim felst mjög mikilvæg bending um, að samband Sir Olivers við hinn framliðna son sinn, hafi einmitt verið veruleiki en ekki blekking eða ímyndun ein. Í lokakafla bókarinnar Phantom Walls (1929), sem prentaður er upp í „Light“ þ. á., s. 451, segir Sir Oliver: „It is difficult to realise what it all means.“ Á hann þar við, að erfitt sé að skilja upplýsingarnar um, hvað bíði vor handan við dauðann. (Yfir þessum kafla bókar hans, sem tekinn er upp í „Light“, stendur: What awaits us on the other side of death). Honum hefði verið óhætt að taka ennþá dýpra í árinni og segja: Það er með öllu ómögulegt að skilja þessar upplýsingar, ef menn eru óbifanlega sann-

færðir um, að lífið eftir dauðann sé andalíf í andaheimi. Það er þá líka mjög eftirtektarvert, hve greinilega lýsir sér, einkum á þessum síðustu tímum, ríkur hugur framliðinna á að sannfæra oss hér á jörðu um, að svo sé ekki, og að hinn rétti skilningur á þessu sé undirstöðuskilyrði fyrir því, að samband við framliðna geti komist í það horf, sem vera þarf. Hinn nafnkunni miðill og skáldkona Geraldine Cummings segir t. d. frá því, að hinn framliðni Frederick Myers (sem var einn af nafnkenndstu spíritistum) hafi lagt ríkt á við sig að fara að lesa eitthvað um stjörnufræði; en skáldkonan hafði engan áhuga haft á þeim fræðum og síst látið sér til hugar koma, að nokkur ástæða væri til að setja stjörnufræðina í samband við lífið eftir dauðann. En í síðustu bók hennar, sem ég hefi séð, er þetta þó orðið, þótt ófullkomlega sé. Betri árangri hefir merkiskonan Mrs. Olive Gillepie náð, og hefi ég ritað eitthvað um það áður. Er það ágætismaðurinn Sir William Crookes, sem með hennar hjálp er að reyna að koma fram náttúrufræðinni í þessum efnum. Og mikilsvert hefir mér þótt, að Crookes hefir beðið Mrs. Gillespie fyrir kveðju- og hvatningarorð til míni; þykir mér vel trúlegt, að það muni rétt vera, og að hinum auknum tilraunir handanað til að koma oss hér á jörðu á veg vísindanna í þessum efnum, sem svo mjög er áríðandi, að þegar það tekst, mun hefjast hin nýja öld, sem svo þrálátlega hefir verið fyrir spáð, séu ekki án alls sambands við mína viðleitni í þessa átt, eins og hún hefir komið fram í Nýal, Ennýal og mörgum ritgerðum í öðrum stöðum á íslensku og fleiri málum.

6. nóv. 1940.

### *15. Ágætt erindi*

Mikils þótti mér vert að heyra erindi það, er magister Steinþór Sigurðsson flutti í kvöld í útvarkinu, og skaði mikill, að ég missti af upphafinu. Er þar af stórtíðindum að segja, sem kjarnorkurannsóknirnar eru, en Steinþór hinn fróðasti um vandasöm vísindi, og kann góð tökk á að greiða fyrir skilningi á því, sem ekki er auðskilið. Væri gott að fá